

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Holtahverfis norður.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. september 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi Holtahverfis norður.

Breytingin felur í sér minniháttar lagfæringar á stígum, lóðamörkum og byggingarreitum ásamt því að nöfn á nýjum götum eru sett inn í greinagerð og á skipulagsupprátt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 8. október 2021,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2021